

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 187/2017

2019/EES/52/38

frá 22. september 2017

um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2302 frá 25. nóvember 2015 um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2006/2004 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/314/EBE ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun (ESB) 2015/2302 fellir úr gildi, frá og með 1. júlí 2018, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/314/EBE ⁽²⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá og með 1. júlí 2018.
- 3) XIX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Viðauka XIX. við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 7f (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004):
„– **32015 L 2302**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2302 frá 25. nóvember 2015 (Stjttð. ESB L 326, 11.12.2015, bls. 1).“
2. Eftirfarandi texta er bætt við lið 7i (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB):
„, breytt með:
– **32015 L 2302**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2302 frá 25. nóvember 2015 (Stjttð. ESB L 326, 11.12.2015, bls. 1).“
3. Eftirfarandi texta er bætt við á eftir lið 7k (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/11/ESB):
„7l. **32015 L 2302**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2302 frá 25. nóvember 2015 um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2006/2004 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/314/EBE (Stjttð. ESB L 326, 11.12.2015, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Að því er EFTA-ríkin varðar orðast „Sambandið“ í 4. mgr. 14. gr. sem „EFTA-ríki“.

4. Texti 7. liðar (tilskipun ráðsins 90/314/EBE) fellur brott frá og með 1. júlí 2018.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 326, 11.12.2015, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttð. ESB L 158, 23.6. 1990, bls. 59.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2015/2302, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.